Bágborið ástand.
Hugleiðingar um stjórnmál.

2 blöð qto.
1 blað viðauki.

10.

Þegar harðrétti þverþverr að og hungursneyð verður um það spurt hvort þeir er í stöðu hafa sett hinar mýmörgu nefndir og stofnanir, svo sem matvælaskömtunarnefnd, grænmetisverslun, hafi eigi gert skyldu sína og þó einkum ráðherra sá, er mestu hefir ráðið um stofnanir þessar og verk þau, er þeir hafa unnið.

Nú eru kornbirgðir allar og kola sagðar nær á þrotum, þrátt fyrir allar þær miljónir punda sem hrúgast hafa upp í Englandi, en nú bíða þess, að verða ónothæf með öllu. En þó þarf eigi til að dreifa, að ráðherra þessi og nefndir, geti skotið sér undir það, að þeir hafi eigi verið aðvaraðir í tíma, ef illa fer. Það var gert bæði fljótt og með fullri alvöru.

Aftur á móti munu nægar birgðir til vera af tóbaki og víni, og er það huggun nokkur, a. m. k. fyrir þá, sem þurfa helst að „bæta sér í munni" við sjó-rétta borðhaldið og eftir það með vörum þessum, sem ráðamenn þessir hafa séð svo vel fyrir að nægar birgðir væri af þótt kartöflur, kornvörur og kol væri bráðum ófáanleg með öllu.

Spá menn þarf eigi til þess að segja neitt um það fyrirfram, að nefndalýður þessi allur og höfuðpaurinn þeirra, sem þannig hafa búið að högum þjóðarinnar, muni góðfúslega gefa kost á sér og bjóða henni aðstoð sína til þess að bjarga henni úr vandræðum þeim, er hún komin að lenda í. Sjá menn til, hvort þeir muni ekki „bjóða sig fram" til þess að leiða einhverja pestina enn inn í landið; gamma- og meðvirki, gegn aðvörunum og mótmælum þeirra er þegar hafa orðið fyrir mörgum þúsunda króna skaða og miljóna fyrir landið allt á undanförnum árum. Útvegsmenn þeirra um ráðsnilli þeirra og skörungsskap allan í þeim málum og öðrum, gefa oss bestu vonir um, að þeir muni eigi draga sig í hlé fremur eftirleiðis en hingað til, enda geta þeir bent á árangurinn af starfi sínum undanfarin ár. Er það ekki gleðilegt og þess vert, að menn muni eftir þeim?

Þegar kartöfluuppskeran brást í haust, var þá ekki brugðið strax við og notaðir allir þeir miklu aðflutningsmöguleikar, er þá voru fyrir hendi, þótt nú séu þeir þrotnir og þeim um kent, sem að er! Eða er ekki „allt í lagi" með þetta nú?

Þegar matvælaskömtunin hófst og sparnaðurinn, var þess þó ekki gætt, að draga meira að landinu en þeim vörum nam, svo að nægar birgðir yrðu fyrir hendi; er að því komið að siglingar allar að landinu teppast með öllu, einsog nú er á dögum orðið? Hvar eru þær birgðir nú? Lesendum" þarf engum að segja; þær eru vel „forsend"! Var þó ekki í það eina - og það tíma - að fyrir þær mætti o.s.frv. fá ~~kál~~-fræ og Kartöflur til útsæðis og átu? Hvar eru birgðirnar af vörum þessum nú?

Svarið við öllu þessu liggur í bráðbergi. Það er nóg vín til í landinu til þess að ærla öllum landsins börnum, þótt stórafmælisveislur væri haldnar á hverjum degi árið út og lengur eins og að undanförnu, jafnvel tvennar þrjár í sama húsinu, sama kvöldið og dansað allar nætur. Þessar vörur látum við nægja - með tóbakinu - og þið fáið ekki annað. Svo hafið þið nóg af skemtununum, a.m.k. „standum og stundum ekki". Hið and-lega fóður, sem í þeim felst, ætti að vera nóg handa ykkur og halda vel utan um siðferðiskenningu meðal hinna uppvaxandi ætta í landinu. Þar er einnig „allt í lagi" og hún vel undir það búin að taka á móti Bretanum, þegar hann kom. Æfingarnar í Flosaporti o.fl. gögnuðu hafa og stutt mjög að því hversu framkvæmd-unnar er glæsileg og svo „notin" öll og í öllu. Hvað viljið þið meira?

Bærinn er að sögn kunnugra manna, að verða kolalaus og kornbirgðir mjög á þrotum. Þeir hinir sömu telja – og er það eigi fjarri sanni – að þetta sé árangur nefndar þeirrar, er með höndum hefir haft hina svonefndu matvælaskömtun. Vín og tóbak hefir hún ekki þurft að skamta, og hvað vera nógar birgðir af þeim vörum, svo og vörum og lúksusbílum í hundraðatali, að ógleymdum auðæfum pundunum úti í Englandi. Þegar að þjóðinni sverfur með harðrétti og hungur – en þess mun eigi langt að bíða –, má gera ráð fyrir, að vöruteygendir þessar, hossi ekki hátt í maga þeirra, sem nú sitja að sjö-rétta veizlum daglega og dansa alla nóttina í tóbaksreykjarsvælu, og víti sinn fjár af vindrykkju, enda er vel að því staðið með öllu því er til þess þarf, eins og áður er sagt.

„Allt í lagi!“ segja strákarnir stundum, þegar þeir hafa unnið eitthvert óþarfaverkið. Sennilega má gera ráð fyrir því, að víkingar þeir, er þannig hafa búið að högum þjóðarinnar og búa enn, komi bráðum fram á sjónarsviðið og bjóði henni að stoð sína: Bjóði sig fram til þingsetu, til þess að bjarga henni og föðurlandinu undan öllu fári og hungursneyð. Væri ekki sjálfsagt að nota aðstæður þeirra til þess að skamta enn sto... úr hnefa? Eða til þess að fá enn eina pestina, miðaveikina, garnasýkina inn í landið? Vonandi gleyma bændurnir íslenzku því ekki, að velja þá sér til bjargar. Þeir hafa þá enn, og nú sjá þeir árangurinn af frumhaldsstörfum þeirra fyrir sig. Hafa þeir ekki séð sennilega fyrir nógum kartöflum til útsæðis og ofis? Útvarpserindi þeirra hafa frætt oss um það, hversu vel þeir hafi staðið á verði, en að þeir hafi eigi getað betur gert, er öðrum að kenna! Þeir hafa sannarlega unnið vel fyrir nær sínum, þessum 12 til 20 þús. króna launum á ári.

„Hér er hvert „matið“ öðru meira, og alltaf fjölgar þeim,“ sagði Þorgeir gamli í Hlíðum eins og hundunum í réttinni, þegar sýslumaður kom þar og kvartaði undan því hversu „helv. hundarnir væri margir saman komnir“ þar við réttina. Þorgeiri virtist þeim fremur „fjölga“, en fækka við komu hans. Því meir sem að sverfur, fjölgar nefndunum og ráðleysis-ráðstöfunum þeirra.